

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (styrkir og framlög ráðherra).

Flm.: Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Kristrún Frostadóttir,
Oddný G. Harðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Jóhann Páll Jóhannsson.

1. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir heimild skv. 1. mgr. er ráðherra óheimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem hann ber ábyrgð á átta vikum fyrir auglýstan kjördag kosninga til Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var áður lagt fram á 152. löggjafarþingi (65. mál).

Í aðdraganda lýðræðislegra kosninga er nauðsynlegt að tryggja að jafnræði sé sem mest milli framboða. Sú hætta er fyrir hendi að sitjandi ráðherrar nýti sér forréttindastöðu sína til að afla sér hylli kjósenda hvort tveggja með aðgangi að fjölmöldum og opinberu fjármagni.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál er ráðherrum heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Í aðdraganda alþingiskosninga hefur borið á því að ráðherrar hefji úthlutanir til einstakra mála í stórum stíl allt fram að kjördegi til að vekja athygli á sér og sínu framboði. Það hlýtur að teljast ólýðræðislegt að svo sé farið með almannafé og aðstaða sé misnotuð með þessum hætti. Af þeim sökum er nauðsynlegt að setja takmarkanir á úthlutun styrkja og framlaga í aðdraganda kosninga þannig að ráðherrum sé óheimilt að veita slíkt fjármagn úr opinberum sjóðum síðar en átta vikum fyrir kjördag. Er þetta gert í þeim tilgangi að ekki megi efast um tilgang fjárveitinga, að gæta jafnræðis milli móttakenda hins opinbera fjármagns úr hendi ráðherra og loks til að takmarka misvægi aðstæðna frambjóðenda til Alþingis.